

# Sumarmót nor- rænna Geð- hjálparfélaga

eftir Sigurlaugu  
Sveinsdóttur

Ég fór í fyrsta sinn á sumarmót fyrir tveimur árum til Noregs. Vikan sem ég dvaldi á Risöy í norska skerjagarðinum hverfur mér seint úr minni. Að kynna fólk frá hinum Norðurlöndunum sem hafði við sömu vandamáli að glíma. Finna hjálpséminna og gleðina streyma frá öllu þessu folk. Geta sest niður í smáum hópum og rætt fram og til baka um það sem hver og einn hafði við að stríða. Ferðalögn með bátum og bílum, kvöldvökur og leikir, róðratímar og sundsprettir í sjónum. Það sem uppúr stendur, samstaðan og samhjálpin. Það var heldur ekki verra að veðri lék við okkur allan tímann.

Sumarmót geðfátíðra var að þessu sinni haldið á Íslandi. Tóku þátt í því 80 manns frá hinum Norðurlöndunum og um 50 Íslendingar. Geðhjálpar er í samstarfi Geðhjálparfélög á Norðurlöndum. Haldin eru sumarmót og skipst á fræðslu og upplýsingum. Nú var röðin komin að okkur að halda sumarmótið. Undirbúningur mótsins hófst í haust. Það fyrsta var að velja góðan mótsstað. Varmaland í Borgarfirði varð fyrir valinu. Ég vil taka fram að allur undirbúningur hvíldi fyrst og fremst á Sigrúnu Báru Friðfinnsdóttur framkvæmdastjóra Geðhjálp og á hún mikið hrós skilið fyrir sérstaklega góða undirbúningsvinnu sem gerði það að verkum að mótsgestir undu sér hið besta. Auk hennar lögðu margir hönd á plóginn. Ekki voru það ofáir sem ákváðu að heimsækja Ísland fljótt aftur og skoða betur þetta land sem þeim þótti engu öðru líkt. Mót sem þessi hafa margþættan tilgang þ.e.a.s. fólk frá mörgum löndum hittist, deilir reynslu sinni, skiptist á upplýsingum og síðast en ekki síst skemmtir sér saman.

Mótið var sett þriðjudaginn 25. júní kl. 11 f.h. við hátíðlega athöfn. Einn meðlimur frá hverju landi dró upp sinn fána, kveikt var á sex kyndlum sem sameinuðust þegar mótfáninn var dreginn að hún. Síðan tókust allir í hendur og sungu „Hin gömlu kynni gleymast ei“ og „We shall overcome“. Eftir hádegi var lagt af stað upp að Húsafelli. Við skoðuðum það markverðasta og myndir voru teknar. Síðan var ekið að Surtshelli. Þau sem vildu fengu sér gönguferð í gegnum hann og var lýst upp með kyndlum. Þegar heim var komið hvíldi mannskapurinn sig, fólk fór í sturtu, tók sundsprett eða kastaði sér útaf stundarkorn.



Sigurlaug Sveinsdóttir

**„Mót sem þessi hafa margþættan tilgang þ.e.a.s. fólk frá mörgum löndum hittist, deilir reynslu sinni, skiptist á upplýsingum og síðast en ekki síst skemmtir sér saman.“**

Eftir kvöldmatinn fórum við öll úti Húsmæðraskólann og þar fengum við okkur kaffi. Fyrsta kvöldið héldu Norðmennirnir kvöldvöku með söng og uppakomum. Þá var Magnús formaður Geðhjálp kallaður upp og færðu Norðmenn félaginu glæsileg gjöf. Síðan var slegið upp balli undir harmoniku- og gítarspili. Það var dansað og spjallað. Í lok kvöldvöku Norðmanna héldumst við öll í hendur og sungum „We shall overcome“.

Annar dag mótsins var aftur lagt af stað í ferðalag eftir hádegi. Keyrt var vestur á Snæfellsnes í sama blívíðirinu og var ferðinni heitið niður að Arnarstapa. Fegurð staðarins er ólýsanleg. Jökullinn tók ofan hattinn fyrir okkur sem er vist frekar sjaldgæft, fólkíð gekk um gagntekið af fegurð og stórbrotnu landslaginu. Norsk kona kom til mín og sagði með klökkum róm að hún vildi helst ekki yfirgefa þennan stað og var ég henni alveg sammála. Við borðuðum nestið okkar í grænni laut og kvöldum svo þessa perlu Íslands með söknuði. Síðan kom við heim að Búðum. Þar var stuttur stans því tíminn hafði flogið frá okkur á Arnar-



stapa. Við skoðuðum gömlu kirkjuna og gengum niður í fjöru. Síðan brunuðu rúturnar heima að Varmalandi þar sem maturinn beið okkar og kvöldvaka Færeyinga átti að hefjast kl. 9. Færeyingar léku á als oddi. Þau fluttu velafða dagskrá, upplestur, söngva og dansa. Að því loknu afhentu þau Geðhjálp gjöf sem allir dáðust að. Síðan var slegið upp balli og kvæðisöngur sunginn í lokin.

Þriðja daginn var farið í heildsferð á Þingvöll, Laugarvatn, Gullfoss og Geysi. Við borðuðum hádegismat á Þingvöllum og drukkum kaffi við Keríð í Grímsnesi. Allir eru þessir staðir þekktir fyrir fegurð og stórbrotna náttúru og voru hinir norrænu gestir okkar hljóðir af hrifningu. Ísland var í einu orði sagt stórfenglegt. Það voru ánægðir ferðalangar sem renndu í hlaðið á Varmalandi um áttaleitið. Þar beið okkar dekkja borð að venju og má segja þeim til hróss sem

stóðu að matseldinni að við fengum alltaf sérlega góðan mat og allur aðbúnaður var til fyrirmyndar á Varmalandi. Eftir mat var haldið út í Húsmæðraskóla og hlýtt á kvöldvöku Finna. Þau voru með leikþátt og blandaðan sönghóp þjóðanna. Aftur var stöðinn dans og fólk blandaði geði saman.

Síðustu tveir dagar voru notaðir til margskonar útileikja, leikræna tjáningu, sund, blak, fótbolta og þannig mætti lengi telja. Allir mótsgestir voru sammála um að tíminn leið alltof fljótt. Danir voru með léttu og skemmtilega kvöldvöku á föstudagskvöldinu einu og þeirra var von og vísa.

Laugardagurinn rann upp bjartur og fagur sem og allir mótsdagarnir. Um kvöldið var skemmtukvöld Íslendinga. Það var haldið í nýjum sal sem er áfastur ípróttahúsinu. Það hófst með borðhaldi, þrírettuðum hátíðarmat. Undir borðhaldinu héldu Svíar sína kvöldvöku. Síðan

var skipst á gjöfum, fluttar kveðjuræður og þvflumíkt. Síðan fluttum við okkur niður í ípróttasalinn og nú var komið að okkur Íslendingum að skemmta. Nokkur börn þeirra sem umsjón höfðu með mótnu fluttu leikrit og sungu sig inn í hjörtu mótsgæsta. Síðan sungum við nokkur þjóðlög og að endingu lék valinn leikhópur allra landanna leikrit. Allir skemmtu sér konunglega. Dansinn dundaði síðan fram á nótt. Margir fengu sér nætur göngu eða spjölludu saman í kyrróinni.

A sunnudagsmorgninum kom séra Jón Bjarnason og hélt helgi-stund með ræðu og sálmasöng mótsgæsta. Var gerður góður rómur að ræðu hans. Þá var komið að kveðjustundinni, allir föðmuðust og flestir voru ákveðnir að mættast glaðir og hressir í Færeyjum að ári.

Höfundur er starfsmaður hjá Geðhjálp.